



# Þarf alltaf að finna upp hjólið?

Verkefnasafn

Guðlaug Margrét Dagbjartsdóttir

Salóme Huld Gunnarsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Deild menntunar og margbreytileika



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



# **Þarf alltaf að finna upp hjólið?**

## ***Verkefnasafn***

Guðlaug Margrét Dagbjartsdóttir

Salóme Huld Gunnarsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði

Leiðbeinandi: Lilja Össurardóttir

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2020

þarf alltaf að finna upp hjólið?

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
í þroskaþjálfarafræði við deild menntunar og margbreytileika,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Guðlaug Margrét Dagbjartsdóttir og Salóme Huld Gunnarsdóttir 2020  
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Þetta verkefni er 10 eininga ECTS verkefni til B.A. prófs í Þroskaþjálfafraeði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vorönn 2020. Verkefnið er sett upp í tveim hlutum og skiptist í vefsíðu annars vegar og greinargerð hins vegar. Vefsíðan nefnist: Þarf alltaf að finna upp hjólið? og er markmið hennar að safna saman hugmyndum og verkefnum í eitt verkefnasafn. Greinargerðin inniheldur hins vegar fræðilega nálgun sem tengist einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar þar sem rýnt var í helstu samninga, lög og alþjóðasamþykktir því tengdu.

## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| <b>Ágrip</b> .....   | <b>3</b>  |
| <b>Myndaskrá</b> .....   | <b>5</b>  |
| <b>Formáli</b> .....   | <b>6</b>  |
| <b>1 Inngangur</b> .....   | <b>7</b>  |
| <b>2 Réttur til náms</b> .....   | <b>9</b>  |
| 2.1 24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks..... | 9         |
| 2.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna .....                               | 10        |
| 2.3 Salamanca yfirlýsing og skóli án aðgreiningar .....                  | 10        |
| 2.4 Grunnskólinn .....   | 11        |
| 2.5 Leikskólinn .....  | 11        |
| 2.6 Einstaklingsmiðað nám.....   | 12        |
| 2.7 Þroskaþjálfinn .....   | 12        |
| 2.8 Samantekt.....   | 13        |
| <b>3 Framkvæmd verkefnisins</b> .....                                    | <b>14</b> |
| 3.1 Undirbúningu vefsíðu .....   | 14        |
| 3.2 Verkefnasöfnun fyrir vefsíðu .....                                   | 15        |
| 3.3 Viðtöl .....   | 16        |
| 3.4 Viðmælendur .....  | 16        |
| 3.5 Niðurstöður viðtala.....   | 17        |
| 3.6 Úrvinnsla verkefna.....  | 19        |
| 3.7 Skipulag vefsíðu .....   | 20        |
| <b>4 Umræður</b> .....   | <b>21</b> |
| <b>5 Lokaorð</b> .....   | <b>23</b> |
| <b>Heimildaskrá</b> .....  | <b>24</b> |
| <b>Viðauki A: Fyrirspurn um gögn</b> .....                               | <b>27</b> |
| <b>Viðauki B: Samþykki vegna notkunar á efni</b> .....                   | <b>28</b> |

## **Myndaskrá**

|   |    |
|---|----|
| Mynd 1 Hér sést mynd af forsíðu verkefnasafns .....                 | 15 |
| Mynd 2 Hér sést mynd af verkefni sem búið er að vinna .....         | 19 |
| Mynd 3 Hér sést mynd af uppsetningu verkefna innan námsgreina ..... | 20 |

## Formáli

Þetta lokaverkefni var samvinna tveggja höfunda sem deila sama áhuga á menntun og margbreytileika. Vinnan við þetta verkefni var öll unnin í gegnum netforritið Zoom á fordæmalausum tímum Covid-19 og þess vegna mun verkefnavinnan seint gleymast. Ekki vitum við til þess að lokaverkefni til B.A. prófs hafi verið unnið án þess að höfundar hittist.

Kærar þakkir fær Lilja Össurardóttur fyrir góða og líflega handleiðslu og Rósa Munda Sævarsdóttir fyrir ráðleggingar við gerð vefsíðu. Þakkir til allra í hinu fordómalausum þverfaglega þekkingarsamfélagi Suðurlands. Þið vitið hver þið eruð. Berglind Hafsteinsdóttir eigandi Gleraugna gallerýs á Selfossi fær þakkir fyrir daglega gleraugnalagfæringu á lokasprettinum. Allir þeir sem deildu með okkur námsefni fá þakkir og sérstakar þakkir fær Sigurlaug Ásta Grétarsdóttir. Að lokum viljum við þakka fjölskyldum okkar. Eiginmenn og börn eiga hrós skilið fyrir umburðarlyndi og endalausum þolinmæði síðastliðin þrjú ár.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Selfossi, 15.05.2020

*Gudlaug Margrét Dagbjartsdóttir*

*Salóme Hulda Gunnarsdóttir*



## 1 Inngangur

Nám og kennsla hefur breyst með tilkomu hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Nám er orðið einstaklingsmiðaðra en það var áður og meiri kröfur eru gerðar um aðlögun námsefnis til að mæta námshæfni hvers nemanda. Margbreytilegur nemendahópur kallar á aukna fagþekkingu innan skólakerfis og það getur verið margslungið að veita stórum hópi ólíkra nemenda kennslu sem stuðlar að góðum árangri í námi. Til að mæta þörfum þessara nemenda hefur eftirspurn eftir fagstétt þroskaþjálfara aukist innan skólakerfisins.

Áhuginn á verkefninu kviknaði eftir vettvangsnám á öðru misseri í þroskaþjálfarafræði þar sem önnur okkar var í vettvangsnámi í grunnskóla. Þar komst hún að því að ekki væri til miðlægur námsgagnagrunnur sem fagfólk gæti leitað í, fyrir utan þá þekkingu og reynslu sem hver og einn fagmaður ætti og væri búinn að koma sér upp. Þetta kveikti áhuga okkar á að búa til verkefnasafn sem væri aðgengilegt fyrir fagfólk þar sem það gæti leitað að hugmyndum og deilt sínum hugmyndum með öðru fagfólki.

Markmiðið með verkefnasafninu er að gefa fagfólki nýjar hugmyndir í námsgagnagerð og fá hugmyndir til að nýta það efni sem til er á óhefðbundin hátt. Með því að hafa verkefnasafnið opið og aðgengilegt aukast líkur á að fagfólk nýti sér það til að auka fjölbreytni kennsluverkefna ásamt því að vera tímasparnaður fyrir fagfólk sem nemendur njóta þá góðs af. Verkefnin eru aðgengileg öllum til útprentunar og má nálgast þau á vefslóðinni [verkefnasafnid.weebly.com](http://verkefnasafnid.weebly.com).

Verkefninu er skipt í tvo hluta; vefsíðu annars vegar og greinargerð hins vegar. Greinargerðin skiptist í fimm kafla auk inngangs, formála, ágríps og viðauka. Í greinargerðinni eru færð rök fyrir fræðilegum stuðningi við einstaklingsmiðað nám og mikilvægi þess að mæta námsþörfum hvers og eins nemenda. Auk þess er þar að finna tengingar við aðalnámskrá, lög og alþjóðasamþykktir.

Greinargerðin upplýsir hvort þörf sé á verkefnasafni, hvaða verkefni vanti þá helst og hvort verkefnasafn myndi breyta einhverju í störfum fagfólks? Leitað var eftir áliti fagfólks í því samhengi.

Að lokum verður fjallað um vefsíðuna, undirbúning og framkvæmd ásamt verkefnunum sjálfum. Vefsíðan er hönnuð með það að leiðarljósi að fagfólk geti nýtt sér hugmyndirnar á auðveldan og skilmerkilegan hátt. Vefsíðan, sem kallast verkefnasafn hér eftir, inniheldur

kennslufni sem hentar börnum í elstu deildum leikskóla og yngsta stigi grunnskóla en möguleikar eru á útfærslum fyrir yngri eða eldri nemendur þegar það á við.

## 2 Réttur til náms

Menntun er mikilvæg fyrir alla. Hún er talin vera grunnur að félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum gæðum og gerir einstaklinginn að öllum líkindum færari til þátttöku í samfélaginu. Það er frumskilyrði að öll börn fái tækifæri til menntunar og náms við hæfi og er það talið hluti af mannréttindum og jafnrétti. Í þessum kafla verður fjallað um helstu lög og reglugerðir, sáttmála og samninga sem snúa að rétti til menntunar. Ber þar helst að nefna samning Sameinuðu þjóðanna um menntun og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einnig verður fjallað um skóla án aðgreiningar, Salamanca yfirlýsinguna ásamt umfjöllun um störf þroskaþjálfara og þeirra faglega starf með börnum. Leitast verður við að draga fram hugmyndafræðina um einstaklingsmiðað nám og mikilvægi þess í lífi barna.

### 2.1 24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) er fyrst og fremst mannréttindasamningur sem fjallar um réttindi fatlaðs fólks og felur í sér að efla, tryggja og viðurkenna mannréttindi fatlaðs fólks til jafns við aðra ásamt því að vera öflugt verkfæri til að breyta og bæta viðhorf til fatlaðra einstaklinga. Með þessum samningi skapast ný sýn á stöðu og réttindi fatlaðs fólks og var hann mikið framfaraskref í þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Ísland undirritaði samninginn þann 30. mars 2007 og með undirrituninni lýstu stjórnvöld yfir vilja til að innleiða innihald samningsins í íslensk lög. Samningurinn var fullgiltur á Alþingi árið 2016 og stendur til að lögfesta hann fyrir desember 2020. Samhliða fullgildingunni var innleiðing lagabreytinga gerð hjá hverju ráðaneyti fyrir sig sem lögðu til lagabreytingar í samræmi við ákvæði samningsins. Með því átti að gæta þess og tryggja að íslensk lög samrýmist öllum ákvæðum sáttmálans (þingskjal nr. 21 /2018-2019 og þingskjal nr.1690/2018-2019).

Í 24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna er fjallað sérstaklega um menntun. Þar kemur skýrt fram að aðildarríkin skulu tryggja menntun alls fatlaðs fólks og að þeim sé veittur viðeigandi stuðningur til að njóta góðrar menntunar. Ekki skuli útiloka fatlað frá almennu menntakerfi og að hver einstaklingur fái viðeigandi aðlögun sem ýtir undir framvindu í námi og félagslegan þroska. Þetta þýðir meðal annars að nám skuli verða einstaklingsmiðað og að

hver einstaklingur eigi rétt á að komið sé til móts við námsparfir hans (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 24. grein/2007).

## **2.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013 (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Barnasáttmálinn fjallar um réttindi barna sem ríkið þarf að standa við gagnvart börnum og fjölskyldum þeirra. Samningurinn er líka hvatning til fólks og alþjóðlegt samkomulag um uppeldi, menntun og viðhorf til barna. Leikskólakennarar, grunnskólakennarar og aðrir fagaðilar þurfa því að taka mið af barnasáttmálanum í sínum störfum. Innihald samnings krefst þess að öll börn skuli njóta sömu réttinda. Þau skulu vera jöfn og að börn með fötlun eigi rétt á að búa í samfélagi þar sem borin er virðing fyrir þeim auk þess að njóta samfélagsþátttöku til jafns við aðra (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Sáttmálinn felur einnig í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi þrátt fyrir að hafa ekki náð sjálfráða aldri. Samningurinn ætti að því sögðu að skipa stóran sess í starfi allra þeirra sem vinna með börnum (Guðný Guðjónsdóttir, 2016).

## **2.3 Salamanca yfirlýsing og skóli án aðgreiningar**

Ráðstefna var haldin árið 1994 á vegum UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization) og spænska menntamálaráðuneytisins. Að henni komu fulltrúar 92 ríkja og 25 alþjóðasamtaka, þar með talin einn fulltrúi frá Íslandi. Á ráðstefnunni var undirrituð Salamanca yfirlýsingin sem er áætlun aðgerða um menntun nemenda með sérþarfir (Menntamálaráðuneytið, 1995). Markmið yfirlýsingarinnar er að skora á stjórnvöld þessara ríkja að leggja aukna áherslu á innleiðingu rammaáætlunar um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir bæði með stefnumótun og fjárveitingu. Í yfirlýsingunni segir að menntun sé frumréttur hvers barns og beri að gefa barninu tækifæri til náms.

Menntastofnunum ber að taka tillit til ólíkra þarfa einstaklinga í kennslu og skipulagningu náms og miða þurfi nám hvers og eins í skólastarfinu við hæfileika hans og getu. Megin markmið stefnunnar er að bjóða öllum nemendum upp á vandað nám við hæfi og að innan skólans ríki lýðræði og félagslegt réttlæti (Hermína Gunnþórsdóttir, 2010). Einnig er tekið fram að almenna skólakerfið sé sú stofnun sem spornað geti við fordómum í garð fatlaðs fólks, því með því að virkja ólíka einstaklinga til samvinnu er dregið úr fordómum og virðing fyrir fjölbreytileika í þjóðfélaginu er aukin (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Á Íslandi er rekin opinber menntastefna sem heitir skóli án aðgreiningar (e. inclusive school) eða skóli margbreytileikans. Upphaf stefnunnar má rekja til réttindabaráttu fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra á seinni hluta síðustu aldar. Stefnan var tekin upp hér á landi í kjölfar aðildar Íslands að Salamanca yfirlýsingunni. Hún var lögfest hér á landi árið 2008 með grunnskólalögunum nr. 91/2008. Samkvæmt þeim lögum eiga öll börn rétt á að sækja skóla í sinni heimabyggð án aðgreiningar. Skólanum ber að koma til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers nemanda með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011 og lög um grunnskóla nr. 91/2008). Stefnunni er ætlað að draga úr mismun og jafna aðstæður nemenda svo þeir verði jafnir. Innan skólans ríki sveigjanleiki þar sem leitast er við að bjóða öllum nemendum upp á nám við hæfi þar sem styrkleikar allra fá að njóta sín. Kennarar og annað fagfólk ber sameiginlega ábyrgð á námi og velferð nemenda (Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016). Grunnskólinn er einn af fjórum stigum menntunar á Íslandi og er hann eina skyldustig menntunar hér á landi.

## **2.4 Grunnskólinn**

Allir grunnskólar í landinu starfa eftir aðalnámskrá grunnskóla og er hún einskonar rammaáætlun til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks. Hlutverk aðalnámskrár er að samræma menntun allra barna í landinu. Hún er unnin eftir lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og gefin út af menntamálaráðuneytinu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Námskráin byggir á sex lykilþáttum menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun. Markmið grunnþátta er að efla læsi barna á samfélagið, menningu, umhverfi og náttúru. Grunnþættirnir stuðla að framtíðarsýn, getu og vilja til þátttöku í samfélaginu ásamt því að styðja við þróun til framtíðar. Grunnþættirnir eiga að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli skólastiga (Aðalnámskrá grunnskólanna, 2011).

## **2.5 Leikskólinn**

Leikskólastigið er fyrsta stig menntunar hér á landi. Leikskólastigið er ekki skyldustig heldur er það val foreldra að setja börn sín í leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008). Leikskólinn vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla sem byggð er á lögum um leikskóla 90/2008 og er hlutverk hennar að vera leiðavísir fyrir leikskólastarf í landinu. Hlutverk leikskóla er að sjá um uppeldi, umönnun og menntun barna í samræmi við leikskólalögin. Grunnþættir menntunar í

leikskólastarfi er læsi, sjálfbærni, heilbrigði, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og eiga þessir þættir að fléttast inn í allt starf leikskólans (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

## 2.6 Einstaklingsmiðað nám

Með tilkomu hugmyndafræði skóla án aðgreiningar breyttist skipulag náms. Í einstaklingsmiðuðu námi er mið tekið af stöðu hvers og eins nemenda en ekki bekkjarheildar innan veggja skólastofunnar. Markmiðið er alltaf að hver einstaklingur fái að njóta sín í námi (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014). Einstaklingsmiðað nám merkir að laga þarf skólastarf og kennslufni að þörfum, hæfni og getu hvers nemanda. Ólíkir nemendur læra á ólíkan hátt og eru eins mismunandi eins og þeir eru margir (Elín G. Ólafsdóttir, 2004). Samkvæmt rannsókn sem Kristín Jónsdóttir (2003) gerði og fjallar um kennsluhætti á unglingsstigi grunnskóla kemur fram að einstaklingsmiðað nám merkir einnig að kennsluhættir fagfólks þurfa að vera breytilegir. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar telur sumt fagfólk að betra væri að laga sama efnið að ólíkum nemendum með mismunandi kennsluaðferðum. Til þess að það geti orðið verða hópar og bekkir að vera fámennir. Einstaklingsmiðað nám getur verið flókið í framkvæmd og þarf að gæta að framsetningu til þess að nemandinn upplifi sig ekki öðruvísi en samnemendur. Það er mikilvægt að vanda vel til verka svo að velferð nemandans sé mætt þar sem hann er staddur.

## 2.7 Þroskaþjálfinn

Þroskaþjálfar starfa á breiðum vettvangi og geta komið að málefnum fatlaðs fólks á öllum aldurskeiðum. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar um fagstétt þroskaþjálfra svo sem viðhorf þroskaþjálfra, þróun á starfsvettvangi þroskaþjálfra og starfsánægju og má þar nefna að Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir (2008) rannsakaði starfsþróun og starfsánægju þroskaþjálfra á almennum starfsvettvangi. Í þeirri rannsókn var tímaskortur nefndur sem einn af áskorunum þess að vera fagmaður. Einnig nefndu viðmælendur kosti samvinnu og samstarfs ólíkra fagaðila innan vinnustaðar. Fagfólk fái með samvinnu ólíkra aðila, víðara sjónarhorn, sameiginleg markmið og skynji að það sé alltaf til hagsbóta fyrir nemandann. Árið 2015 birtu Kristín Lillendahl og Vilborg Jóhannesdóttir rannsókn á þróun starfa þroskaþjálfra í alþjóðlegu ljósi. Í þeirri rannsókn var meðal annars talað við nýútskrifaða þroskaþjálfra á Íslandi. Nefndu þeir að helsta áskorunin í starfi þroskaþjálfans á vinnustað væri sú að þeir tækju einir ábyrgð á mannréttindasjónarhorni samkvæmt mannréttindasamningum. Enn fremur telja viðmælendur þeirra að starfið sé ekki nægilega afmarkað og starfslýsingar óljósar eða jafnvel

engar. Í rannsókn Kristínar Björnsdóttur og Lilju Össurardóttur um lögsögu þroskaþjálfa (2015), kom fram að 42% af fagstéttinni starfaði innan skólakerfisins.

Leiða má líkur að því að það sé grunnskólum mikilvægt að ráða til sín þroskaþjálfa.

Sérþekking, viðhorf og reynsla þroskaþjálfa gerir þeim kleift að vinna með börnum sem þurfa einstaklingsmiðað nám. Til þess að einstaklingsmiðað nám eigi sér stað þurfa þroskaþjálfar að þekkja einstaklinginn, styrkleika hans og hæfni og koma til móts við námsþarfir hans. Má ætla að mikill tími fari í að útbúa verkefni sem eru einstaklingsmiðuð en fagmaður þarf að leita að verkefnum við hæfi eða jafnvel búa þau til sjálfur. Það gefur augaleið að ef mikill tími fer í það eitt að útbúa verkefni eða kennslufni skerðist tími sem annars væri hægt að nota í vinnu með nemendum. Til þess að börn geti verið virkir þátttakendur þarf fagmaðurinn meðal annars að veita persónulegan stuðning, hafa aðgang að fjölbreyttu kennslufni og ýta undir sjálföryggi einstaklings í margbreytileikanum (Stella Stefánsdóttir, 2015). Mikilvægi þroskaþjálfa í nútímasamfélagi virðist vera viðurkennt. Arna Arnardóttir og Fjóla Hilmarsdóttir (2011) gerðu rannsókn sem fjallaði um viðhorf skólastjórnenda til starfa þroskaþjálfa. Í þeirri rannsókn kom fram að viðhorf til þroskaþjálfa innan skólans væri jákvætt og störf þeirra talin mikilvæg. Þroskaþjálfar væru að sinna einstaklingum sem oft þyrftu mikinn stuðning og einnig veittu þroskaþjálfar öðru starfsfólki skólans mikilvæga ráðgjöf. Það sé styrkjandi og mikils virði. Áhugavert er því að sjá að hvergi er minnst á þroskaþjálfa í aðalnámskrá grunnskóla né aðalnámskrá leikskóla.

## **2.8 Samantekt**

Í þessum kafla var fjallað um fræðilega þætti, lög, reglugerðir og helstu samninga sem styðja við rétt til náms. Þar kemur fram að stefnumótun í einstaklingsmiðuðu námi og kennslu er mikilvæg þegar komið er til móts við námsþarfir einstaklinga. Fjallað var um helstu niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á Íslandi um störf, þróun og viðhorf þroskaþjálfa. Í næsta kafla verður fjallað um framkvæmd verkefnis.

### 3 Framkvæmd verkefnisins

Í upphafi verkefnisins var gerð rafræn leit að íslenskum verkefnavefum og meðal annars athugað hversu gott aðgengi væri að þeim. Í þessari leit fundust nokkur verkefnasöfn sem einstaklingar standa fyrir og nokkur gagnasöfn í eigu skóla. Nokkrar líkur eru á því að verkefni verði einsleit ef sami höfundur kemur að þeim öllum og til þess að auka fjölbreytni verkefna er því ákjósanlegt að hafa verkefni eftir fleiri en einn fagaðila. Okkur fannst því eftir þessa leit vanta námsgagnagrunn þar sem hægt væri að nálgast fjölbreyttar verkefnahugmyndir frá ólíkum fagaðilum á aðgengilegan hátt.

#### 3.1 Undirbúningu vefsíðu

Það var ný áskorun að takast á við að vinna þetta verkefni. Áður en hafist var handa var leitað ráða um hvað bæri að hafa í huga við gerð vefsíðu og val á vefsvæði. Hugmyndin var upphaflega sú að gera gagnvirka vefsíðu, sem sagt að miðlun upplýsinga færi í báðar áttir milli sendanda og notanda. Allir gætu þá sótt sér verkefni eða hugmyndir að verkefnum og sett inn sínar hugmyndir eða verkefni í staðinn. Eftir að hafa ráðfært okkur við forritara og tölvusérfræðinga kom fljótt í ljós að sú hugmynd var að öllum líkindum of kostnaðarsöm og því ákváðum við að gera vefsíðuna eins og hún er í dag. Ósk okkar er sú að í framtíðinni munum við geta gengið alla leið og gert vefsíðuna gagnvirka.

Í einum grunnskóla sveitarfélagsins vissum við af starfsmanni, sem við köllum Jón Jónson, sem hafði reynslu af vefsíðugerð. Jón er grunnskólakennari og býr yfir mikilli og rafrænni kennslureynslu grunnskólabarna í eldri bekkjum ásamt því að hafa heimsótt aðra skóla á landinu til að kynna rafræna kennslu. Við töldum hann því búa yfir hæfileikum sem myndi nýtast okkur til ráðleggingar um vefsíðugerð. Við höfðum samband við Jón gegnum tölvupóst, sögðum honum lítillega frá verkefninu og samþykkti hann að hitta okkur daginn eftir á sínum vinnustað. Hann sýndi okkur nokkur vefsvæði sem hann mælti með, dæmi um uppsetningar og útlit. Við komumst að því eins og hann setti þetta upp að þetta þyrfti ekki að vera kostnaðarsamt eða flókið. Eftir nokkrar vangaveltur um hvaða vefsvæði skyldi nota komumst við að þeirri niðurstöðu að nota google sites. Þetta vefsvæði inniheldur allt það sem óskað var eftir til að geta gert heimasíðu. Einfalt aðgengi og nægt vinnupláss í skjalinu án mikils kostnaðar. Á google sites getur hver sem er búið til heimasíðu á tiltölulega fljótlegan og einfaldan hátt. Google sites býður upp á að hægt sé að setja inn fjölbreytt efni svo sem myndir, orðatexta, nettengda tengla, glærusýningar, upplestur á texta, myndbönd



og fleira. Mikill kostur er einnig að margir geta unnið að síðunni í einu. Okkar markmið er að hafa síðuna einfalda og aðgengilega. Vinnan við vefsíðuna gekk vel framan af. Hindranir komu fram í vefsíðugerðinni sem verður ekki farið nánar út í en varð til þess að ákveðið var að breyta um vefsvæði. Var það vissulega okkar upplifun að google sites væri mjög einfalt og þægilegt í notkun en því virtist fylgja mjög takmarkað viðmót á aðgerðum og skipunum sem hægt var að gera í uppbyggingu vefsíðu. Önnur vefsvæði sem Jón hafði mælt með voru skoðuð og ákveðið var að breyta í vefsvæði sem heitir Weebly. Það vefsvæði er flóknara en býður að sama skapi upp á fleiri möguleika. Weebly er gjaldfrjálst vefsvæði í grunninn en hægt er að greiða árgjald til að fá aukið aðgengi að meiri möguleikum vefskipanna, útlits og gagnamagns. Þess þurfti ekki í okkar tilfelli þar sem einfalt vefsíðuútlit varð fyrir valinu til að draga ekki athyglina frá innihaldi síðunnar.

HEIMA GRUNNSKÓLI LEIKSKÓLI VIÐ MÆLUM MED HAFNA SAMBAND UM OKKUR MORE...

### Þarf alltaf að finna upp hjólið? Verkefnasafn



Þetta verkefnasafn er hluti af lokaverkefni til BA gráðu í broskjálfafræði við Háskóla Íslands vormisseri 2020. Verkefnasafnið var gert til að halda utan um verkefni og hugmyndir af verkefnum sem ætluð eru nemendum á aldrinum 5-9 ára. Verkefnin eru tilbúin til útrentunar fyrir fagfólk í leik- og grunnskóla til að nýta sér í kennslu og leik.

Mynd 1 Hér sést mynd af forsiðu verkefnasafns

### 3.2 Verkefnasöfnun fyrir vefsíðu

Eftir að hafa aflað okkur upplýsinga um önnur gagnsöfn settum við okkur í samband við fagfólk sem vinnur með börnum á leikskólum og í fyrstu bekkjum grunnskóla. Þessi hópur var valin með tilgangsrúrtaki sem þýðir að viðmælendur voru valdir eftir því sem best þótti henta markmiði rannsóknarinnar (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2016). Sendur var tölvupóstur á sérkennara, þroskajálfa, deildarstjóra sérkennslu og einstaklinga sem eru í forsvari fyrir heimasíður sem innihalda aðlagð námsefni. Sendar voru 20 fyrirspurnir um gögn gegnum tölvupóst (sjá viðauka 1). Svör bárust strax frá fimm aðilum og eftir að hafa sent ítrekunarpóst fengust svör frá fjórum aðilum í viðbót sem gerir 45% svarhlutfall. Fimm

af þessum níu sem svöruðu vildu deila efninu sínu og sendu okkur efni í kjölfarið. Hinir fjórir sem svöruðu sögðust ætla að finna eitthvað og senda en gerðu það ekki þrátt fyrir ítrekun. Hlutfall þeirra sem sendu efni var því 25%. Þeir sem vildu deila verkefnum voru mjög jákvæðir gagnvart verkefnasafni og töldu að þeir myndu nýta sér slíkt safn. Þeir sem deildu með okkur efni gáfu okkur samþykki skriflega (sjá viðauka 2).

### **3.3 Viðtöl**

Á sama tíma og verkefnasöfnunin fór fram í gegnum tölvupóstsamskipti var farið í upplýsingaöflun um verkefnið sjálf og var það gert með eigindlegri rannsóknaraðferð í formi viðtals. Samkvæmt Helgu Jónsdóttur (2016) er viðtal skipulagt samtal sem felur í sér að afla gagna með því að viðmælendur túlki sína upplifun og reynslu innan ákveðins viðtalsramma. Þegar viðtalsrammi er búinn til er lögð áhersla á að nota opnar spurningar fremur en lokaðar. Opnar spurningar kalla á lengra svar og betra flæði í samtali en lokaðar spurningar sem eru oftast já/nei spurningar sem geta dregið úr flæði viðtals séu þær illa staðsettar innan spurningarammans. Viðtölin voru þemagreind og í þeim fundin sameiginlegir þættir. Rammi viðtalanna innihélt spurningar sem gátu gefið mynd af viðhorfi þroskaþjálfa til aðlagaðs námsefnis, aðgengis og mikilvægis verkefnabanka fyrir nemendur. Settur var saman viðtalsrammi sem innihélt átta spurningar.

### **3.4 Viðmælendur**

Þegar leita átti upplýsinga frá fagfólki í starfi voru nokkur atriði sem hafa þurft í huga við val á viðmælendum. Áætlað var að taka viðtal við 4-5 þroskaþjálfa en það væri nægilegur fjöldi til að gefa mynd af mikilvægi og viðhorfi til rafræns verkefnavefs. Gott væri að ræða bæði við þroskaþjálfa sem starfa í yngri bekkjum grunnskóla og einnig þroskaþjálfa sem starfa í leikskóla. Ástæðan fyrir því vali var áhugi á að skoða hvað væri til af aðlöguðu efni fyrir þennan aldurshóp. Stór hópur þroskaþjálfa starfar á þessum vettvangi sem nýtir sína fagþekkingu til að laga verkefni að þörfum og getu nemenda. Að finna viðmælendur gekk því vel. Við búum í tiltölulega fámennu sveitarfélagi, þekkjum persónulega hluta af viðmælendum og vissum af öðrum sem féllu undir okkar skilyrði sem viðmælendur. Send voru skilaboð á fimm einstaklinga með rafrænum hætti gegnum tölvupóst þar sem verkefnið var kynnt, við sögðum lauslega frá ástæðu þess að haft var samband og óskað eftir viðtali. Vel gekk að fá svör til baka og fékkst samþykki frá öllum fyrir viðtali. Allir viðmælendur eru konur en tvær þeirra starfa í leikskóla en þrjár í grunnskóla. Viðtölin fóru fram 10. - 17.

janúar 2020. Viðmælendur ákváðu viðtalsstað og tímasetning var samkomulag allra aðila. Viðtölin voru ýmist hljóðrituð á síma eða skrifuð niður á blað. Í upphafi hvers viðtals ræddum við saman, greindum lauslega frá verkefninu og hvers vegna við ákváðum þetta viðfangsefni. Við óskuðum eftir því við viðmælendur okkar að þær deildu með okkur verkefnum svo við gætum sett þau inn í verkefnasafnið. Við tókum einnig fram að viðtalið væri trúnaðarsamtal og ekki væri hægt að rekja niðurstöður til viðmælenda. Við munum kalla viðmælendur okkar Tinnu Bergsveinsdóttur, Gunnhildi Sigurðardóttur, Eydísi Erlingsdóttur, Birgittu Davíðsdóttur og Ernu Bragadóttur. Atriðum hefur verið breytt svo þau séu ekki rekjanleg til viðmælenda.

- Tinna Bergsveinsdóttir er yfirproskapjálfi í rúmlega 100 barna leikskóla. Hún hefur starfað í 13 ár sem þroskajálfi lengst af á núverandi vinnustað og er eini þroskajálfinn þar. Áður starfaði hún á vettvangi með fullorðnum.
- Gunnhildur Sigurðardóttir er þroskajálfi í grunnskóla og hefur starfað þar síðastliðin 18 ár. Áður starfaði hún á heimili fyrir fólk með fötlun og á starfsendurhæfingastöð. Hún hefur alls starfað í 27 ár sem þroskajálfi.
- Eydís Erlingsdóttir er þroskajálfi í grunnskóla. Það eru tveir starfandi þroskajálfar á hennar vinnustað samtals með um það bil 400 börn. Á þessum 14 árum sem hún hefur starfað sem þroskajálfi hefur hún starfsreynslu bæði úr leik- og grunnskóla.
- Birgitta Davíðsdóttir hefur fjölbreyttan starfsferil sem þroskajálfi. Hún hefur starfað í sérdeild í grunnskóla, í leikskóla og í almennum grunnskóla á sínum 27 árum starfandi sem þroskajálfi. Í dag starfar hún í sérdeild í stórum grunnskóla. Ásamt henni vinna 10 þroskajálfar í þessum skóla.
- Erna Bragadóttir er þroskajálfi í rúmlega 100 barna leikskóla. Hún útskrifaðist sem þroskajálfi fyrir þremur árum og hefur unnið í sama leikskóla síðan.

### **3.5 Niðurstöður viðtala**

Þroskajálfar bera ábyrgð á einstaklingsmiðuðum áætlunum nemenda sem er að þeirra mati oft grundvallaratriði þess að nemandi fái tækifæri til að nýta styrkleika á sínum forsendum. Viðtölin veittu innsýn í það starf sem fagfólk leik- og grunnskóla sinnir á hverjum degi og hvað fagfólkið telur mikilvægast að leggja áherslu á í kennslu.

Svör viðmælanda voru skýr og nokkuð samhljóma með einni undantekningu sem var viðtalið við Birgittu Davíðsdóttur en henni fannst það vera verk annarra fagmanna að búa til slíkan verkefnabanka. Það má sjá í viðtölum að þroskaþjálfarnir fimm hafa mismikla starfsreynslu eða allt frá þremur árum og upp í tuttugu og sjö ár.

Þegar borin voru saman svör viðmælanda komu fram meginþemu í fjórum af fimm viðtölum. Þessir fjórir viðmælendur voru allir sammála um að það væri þörf á slíku verkefnasafni. Þeir töldu að of mikil tími færi í að aðlaga og búa til námsefni, tími sem annars gæti farið í þjálfun og kennslu nemenda. Einnig kemur það glögg fram hjá Ernu og Eydísi sem tala báðar um að stundum finnst þeim meiri tími fara í að klippa og líma en vinna með einstaklingunum.


Viðmælendur voru sammála um að aðgengi að hugmyndum og verkefnasafni myndi spara þeim tíma í undirbúning kennslu barna sem þurfa aðlagað námsefni. Tinna nefnir að mikill tími fari í að búa til verkefni sem tengjast áhugasviði nemenda, undirbúningur sé oft mjög tímafrekur en henni finnst að þannig verkefni skili bestum árangri. Hún nefnir að hún eigi mikið af ókláruðum verkefnum sem henni gefst ekki tími til að klára. Hún nefnir enn fremur að fagfólk sé að útbúa verkefni fyrir sína nemendur sem gætu hentað öðrum nemendum annars staðar og gott væri að vita hvert væri hægt að leita til að fá nýjar hugmyndir af verkefnum. Því væri svona verkefnasafn af hinu góða. Eydís nefndi að skortur væri á stærðfræði- og íslenskuverkefnum sem auðvelt væri að laga að nemendum. Henni finnst vanta kennsluefni, önnur en þau sem eru í hefðbundum kennslubókum. Einnig vanta meira úrval af myndrænu dagskipulagi og stundatöflum. Viðmælendurnir voru einnig sammála um að í sinni vinnu væru þeir að búa stöðugt til ný verkefni eða eins og einn viðmælandi orðaði það: „Við erum alltaf að finna upp hjólið“.

Gunnhildur talaði sérstaklega um að erfitt væri að finna námsefni fyrir börn með margþættan vanda. Hún talaði einnig um að lítið aðgengi væri að myndrænu dagskipulagi og hvatningarskipulagi fyrir börn með hegðunarvanda. Námsgagnagrunnur myndi auka fjölbreytni fyrir hennar nemendur og gefa sér hugmyndir af námsefni. Viðmælendurnir voru jákvæðir fyrir því að deila með öðrum verkefnum til að setja í verkefnasafnið. Flestir voru sammála um hvaða verkefni vantaði. Þær vildu fá betra úrval af félagsfærni-verkefnum og verkefnum sem tengjast samskiptum. Þar af leiðandi ætti að vera meiri áhersla á að deila þessum verkefnum innan starfstéttar. Allir þroskaþjálfarnir voru sammála um að auka þyrfti

samheldni fagfólks og verkefnabanki mundi eflaust gera vinnu stéttarinnar skilvirkari, auka fjölbreytni og stuðla að betri gæðum náms.

### 3.6 Úrvinnsla verkefna

Leitast var við að fá verkefni frá sem flestum til að auka fjölbreytni og var það gert með það í huga að verkefnin yrðu ekki einsleit og myndu höfða til mismunandi nemenda. Einnig var leitast eftir því að fá þau verkefni sem helst voru talin skorta á vefsíðuna. Sum verkefni sem bárust voru fullunninn og tilbúin á vefinn en önnur verkefni þurftu frekari úrvinnslu svo hægt væri að birta þau. Tekin voru viðtöl til að fá betri sýn yfir hvaða verkefni vantaði helst fyrir nemendur. Tveir viðmælendur gáfu okkur leyfi til að koma og sjá verkefni sem eru í notkun en ekki til á tölvutæku formi. Því voru teknar ljósmyndir af þeim verkefnum. Þegar úrvinnsla gagna hófst voru ljósmyndirnar fullunnar þannig að texti var settur við þær ásamt þeim leiðbeiningum sem fylgdu frá höfundi. Verkefnin voru sett fram á pdf formi sem gerir það kleift að prenta þau út af vefnum.



Mynd 2 Hér sést mynd af verkefni sem búið er að vinna

### 3.7 Skipulag vefsíðu

Til að hafa vefinn sem aðgengilegastan var þess gætt að hafa innihaldið skipulega upp sett. Á vefnum eru verkefni flokkuð niður í skólastig og metið var hvort þau hentuðu nemendum í leik- eða grunnskóla. Öll leikskólaverkefni eru sett í aðalsíðuhunn sem er merktur leikskóli og grunnskólaverkefni eru sett undir aðalsíðuhunn merktan grunnskóli. Verkefni voru síðan flokkuð í undirsíður þar sem verkefnum er skipt eftir námsgreinum. Til að gera aðgengið enn betra var farið í að flokka verkefni í frekari undirflokk innan námsgreina.



Grunnskólinn er annað skólastigið og eina skyldustigið hér á landi. Grunnskólinn vinnur eftir Aðalnámskrá sem byggir á lögum um grunnskóla nr 91/2008, hlutverk hennar er að samræma menntun barna í landinu. Námskráin byggir á sex lykilþáttum menntunar þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, og sköpun. Markmið með grunnpáttum er að efla læsi barna á samfélagi, menningu, umhverfi og náttúru. Jafnframt stuðla grunnpættir að framtíðarsýn, getu og vilja til þátttöku í samfélaginu ásamt því að styðja við þróun og breytingu í framtíðar samfélagi. Grunnpættirnir eru hugsaðir þannig að þeir undirstrika meginatriði í almennt menntun og stuðli að meiri samfelli skólastiga (aðalnámskrá grunnskólanna, 2011). Við upphaf grunnskólagöngu hefist nýr kafli á æviskeiði barns og getur það verið ansi spennandi bæði fyrir börn og foreldra.



#### Mynd 3 Hér sést mynd af uppsetningu verkefna innan námsgreina

Inn á vefnum er einnig hnappur sem kallast „við mælum með“ þar sem hægt er að finna heimasíður og gagnasöfn sem fundust í upplýsingaöflun og innihalda fjölbreytt verkefni sem henta í óhefðbundinni kennslu. Einnig er hnappur sem inniheldur gagnleg smáforrit til kennslu, hnappur þar sem má hafa samband og senda inn verkefni og hnappur „um okkur“ þar sem höfundar kynna sig lítillega

## 4 Umræður

Eins og fram hefur komið er menntun mikilvæg fyrir framtíðina. Hún er réttur allra barna og talin vera grunnur af helstu stoðum í mannlegri tilveru svo sem félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum gæðum ásamt því að stuðla að almennri þátttöku einstaklinga í samfélaginu. Samkvæmt menntastefnu um skóla án aðgreiningar kemur fram að koma eigi til móts við þarfir ólíkra einstaklinga. Einnig hefur verið nefnt að markmiðið með einstaklingsmiðuðu námi er alltaf að einstaklingurinn fái tækifæri til að njóta sín í námi. Mikilvægt er að sýna vönduð vinnubrögð við gerð og framsetningu námsefnis svo að nemandi upplifi sig ekki frábrugðin bekkjafélögum. Komið hefur fram að þroskaþjálfar eru fagstétt sem hafa kunnáttu og sérþekkingu til að velja og laga námsefni að þörfum nemenda. Í viðtölum sem tekin voru þótti athyglisvert að heyra að Eydís taldi vera skort á aðlöguðu íslensku- og stærðfræðiverkefnum. Í ljósi þess að þessi tvö fög hafa verið kennd í tugji ára í skólum landsins má ætla að mikið sé til af verkefnum í þessum fögum löguð að einstaklingsmiðaðri hæfni og getu. Greinilegt sé að þessi skoðun Eydísar rennir stoðum undir þá staðreynd að ekki sé verið að deila verkefnum nógu mikið á milli fagfólks. Oft eru einstaklingsmiðuð verkefni gerð persónuleg og löguð að þeim einstaklingum sem þau eru gerð fyrir og getur því mikill tími farið í að skapa „hlutlaus“ verkefni svo annað fagfólk geti nýtt sér þau. Það má leiða líkur að því að það gæti verið ein af ástæðunum þess að fagfólk deili ekki verkefnum sín á milli.

Í viðtölum sem tekin voru nefndu viðmælendur að tímaskortur væri mikil áskorun sem fagfólk í leik- og grunnskóla þarf að glíma við. Það styður við niðurstöður úr rannsókn Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttur (2008) sem fjallaði um starfsþróun og starfsánægju þroskaþjálfara. Einn viðmælandi tók það fram að mikil áskorun væri að vera eini þroskaþjálfinn á sínum vinnustað sem ýtir undir niðurstöður Vilborgar Jóhannsdóttur og Kristínar Lillendahl (2015) sem gerðu rannsókn á þróun starfa þroskaþjálfara í alþjóðlegu ljósi.

Skoðun Birgittu var einnig athyglisverð. Hún telur að það ætti að vera í höndum fagmanna að útbúa verkefnasafn eða útbúa aðlöguð verkefni fyrir nemendur sem þurfa einstaklingsmiðað námsefni. Þetta kom á óvart þar sem fram kom í viðtalinu að hún sjálf hafi komið að gerð slíks verkefnasafns fyrir sinn vinnustað, sem að því er við vitum best, gengur vel og er mikið notað á vinnustaðnum. Má því spyrja sig hvenær er fagmaður kominn með nóga hæfni og menntun til að laga námsefni að sínum nemendum? Hver á að aðlaga námsefni fyrir

nemendur ef ekki fagmaðurinn sem er ráðinn til að sinna sínum bekk? Eins og fram hefur komið í samningum og sáttmálum sem fjallað hefur verið um er vísað til þess að öll börn eigi rétt á viðeigandi aðlögun sem ýtir undir framvindu í námi og eykur félagslegan þroska. Þessi skoðun Birgittu kveikir spurningar sem mögulega fást ekki svör við en gaman er að velta fyrir sér. Hvenær eru nýútskrifaðir fagmenn líkt og Erna sem hefur starfað á leikskóla frá útskrift og verið eini þroskaþjálfinn á sínum vinnustað tilbúnir til að búa til verkefni handa sínum nemendahóp?

Vefsíðan var gerð með það að markmiði að auka fjölbreytni námsefnis sem fagfólk og nemendur gætu nýtt sér. Vefsíðunni er ætlað að auðvelda aðgengi, gefa hugmyndir að verkefnum og spara tíma. Vefsíðan er í þróun og í framtíðinni verður hægt að bæta við verkefnum. Það eru sjáanlegar úrbætur og er verkefnaval ekki tæmandi. Hægt væri að gera síðuna gagnvirka eins og stóð til að gera í upphafi en til þess að það verði þarf að koma til fjármagn í formi styrks, svo hægt sé að hafa síðuna opna notendum að kostnaðarlausu. Þetta verkefni er endir á okkar námi en mögulega byrjun á einhverju öðru stærra.

Eins og fram hefur komið starfa þroskaþjálfar innan skólakerfisins, í leik- og grunnskóla. Athyglisvert er að sjá að þegar aðalnámskrá þessara skólastiga er skoðuð er hvergi minnst á starfstétt þroskaþjálfra. Af því má draga þá ályktun að virði og framlag þroskaþjálfra sé ekki formlega viðurkennt innan skólakerfisins.



## 5 Lokaorð

Í viðtölum sem voru tekin við starfandi þroskaþjálfar kom skýrt fram að þroskaþjálfar gegna mikilvægu hlutverki innan grunnskólans, einkum gagnvart nemendum sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Flestir viðmælendur voru sammála um að þeir bæru ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd einstaklingsáætlanna, velja og útbúa verkefni við hæfi sem hentar einstaka nemenda. Allir viðmælendur voru sammála um að mikill tími færi í að útbúa verkefni fyrir nemendur og að þeir væru alltaf að finna upp hjólið. Því má ætla að opið verkefnasafn sé vinnuhagræðing fyrir fagfólk og það spari tíma þegar leitað er hugmynda í námi barna. Verkefnasafn er því kostur fyrir fagfólk og nemendur. Sparar vinnu og tíma fyrir fagmanninn og eykur fjölbreytni verkefna fyrir nemandann. Höfundar óska þess að þetta verkefni muni styrkja starf þroskaþjálfar og annarra fagmanna.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Arna Arnarsdóttir og Fjóla Hilmarsdóttir. (2011). *Viðhorf skólastjórnenda til starfa þroskaþjálfara í grunnskólum* (BA-ritgerð). Háskóli Íslands, Ípróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/9364/1/Vi%3%b0horf%20sk%3%b3lastj%3%b3rnenda%20til%20starfa%20%3%beroska%3%bej%3%a1lfa%20%3%ad%20grunnsk%3%b3lum.pdf>

Elín G. Ólafsdóttir. (2004). *Nemandinn í nærmynd - skapandi nám í fjölbreyttu umhverfi*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Guðný Guðjónsdóttir. (2016). *Hlutverk þroskaþjálfara í skóla án aðgreiningar*. (BA-ritgerð). Háskóli Íslands, Ípróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/25833/1/Lokaskjal%20Gu%3%B0n%3%BD%20Gu%3%B0j%3%B3nsd%3%B3ttir.pdf>

Helga Jónsdóttir. (2016). Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137-153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir. (2016). Stefnur sveitarfélaga um skóla án aðgreiningar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 41-66). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hermína Gunnþórsdóttir. (2010). Kennarinn í skóla án aðgreiningar - Áhrifavalda á hugmyndir og skilning íslenskra og hollenskra grunnskólakennara. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/013.pdf>

Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2016). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129-136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Kristín Björnsdóttir og Lilja Össurardóttir. (2015). Hver er lögsaga þroskaþjálfara?  
Starfsvettvangur, menntun og viðhorf þroskaþjálfara. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun: sérrit*. Sótt af  
[http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk\\_og\\_menntun\\_throskathjalfa/004.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/004.pdf)
- Kristín Jónsdóttir. (2003). *Kennsluhættir á unglíngastigi, námsaðgreining og einstaklingsmiðað nám: Rannsókn á viðhorfum kennara við unglíngadeildir grunnskóla í Reykjavík*. (Óútgefin meistararitgerð). Kennaraháskóla Íslands, Uppeldis- og menntunarfræðideild. Sótt af  
[http://mennta.hi.is/starfsfolk/kristinjons/Microsoft%20Word%20-%20Frag\\_lokahandrit\\_2004.pdf](http://mennta.hi.is/starfsfolk/kristinjons/Microsoft%20Word%20-%20Frag_lokahandrit_2004.pdf)
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar*. [Skýrsla starfshóps]. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <https://www.samband.is/media/skolamal/Mat-a-menntastefnu.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (1995). *Salamanca-yfirlýsingin og Rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 24. grein/2007.
- Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Skóli án aðgreiningar. Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. [Skýrsla starfshóps]. Reykjavík: Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stella Stefánsdóttir. (2015). *Viðurkenning á margbreytileikanum. Innsýn í vinnubrögð í skóla án aðgreiningar*. (Óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Kennaradeild. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/23269/1/Stella%20Stef%20a1nsd%20b3ttir-%20Vi%20urkenning%20fyrir%20margbreytileikanum%20.pdf>

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir. (2008). *Þróun þroskaþjálfastarfsins og starfsánægja þroskaþjálfara*.

(Óútgefin meistararitgerð). Kennaraháskóli Íslands, Uppeldis og

menntunarfræðideild. Sótt af

[https://skemman.is/bitstream/1946/1892/1/Vibeke\\_lokaritgerd.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/1892/1/Vibeke_lokaritgerd.pdf)

Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Lilliendahl. (2015). Þróun starfa íslenskra þroskaþjálfara í

alþjóðlegu ljósi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*: Sérít 2015. Hlutverk og

menntun þroskaþjálfara. Sótt af:

[http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk\\_og\\_menntun\\_throskathjalfa/007.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/007.pdf)

Þingskjal nr. 1690/ 2018–2019. Þingsályktun um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna

um réttindi fatlaðs fólks.

Þingskjal nr. 21 /2018-2019. Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu

þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

## **Viðauki A: Fyrirspurn um gögn**

Við erum BA nemar í þroskaþjálfarafræði sem erum að vinna lokaverkefni okkar. Lokaverkefnið er vefsíða (hugmyndabanki) sem hugsaður er fyrir fagfólk til að finna hugmyndir að fjölbreyttum óhefðbundnum kennsluaðferðum. Okkur langaði að athuga hvort við mættum nýta efnið sem þið eigið eða hafið búið til fyrir ykkar nemendur. Efni sem hugsanlega gæti nýst öðrum fagmönnum í sínu starfi. Ef þið væruð til í að deila með okkur verkefnum sem við gætum nýtt í hugmyndabankann fyrir annað fagfólk. Best er að deila efninu á google drive. Við erum komnar með þó nokkuð efni frá öðrum grunnskólum en gott væri að auka fjölbreytnina.

Póstfang verkefnis er baverkefni2020@gmail.com

Kveðja Salóme Huld og Guðlaug Margrét

## Viðauki B: Samþykki vegna notkunar á efni

Ég undirrituð/aður samþykki og gef leyfi hér með um notkun og birtingu efnis og mynda sem ég hef látið í té þeim Salóme Huld Gunnarsdóttur og Guðlaugu Margréti Dagbjartsdóttur. Ég lýsi einnig yfir þeirri vitneskju að þessi gögn verði sett inn á hugmyndavefsíðu og verði mögulega notuð í almannapágu.

---

undirskrift

Ef spurningar vakna má hafa samband.

Guðlaug Margrét Dagbjartsdóttir

040880-4539

[gmd2@hi.is](mailto:gmd2@hi.is)

Salóme Huld Gunnarsdóttir

240482-5419

[shg39@hi.is](mailto:shg39@hi.is)